




# Próftafla og lesefni – 7. bekkur

## Janúar 2013




Dagsetning	Próf
7. janúar	Hlustunarskilningur
9. - 17. janúar – breytilegt	Framsögn
8. janúar - þriðjudagur	Stafsetning - eyðufylling
10. janúar - fimmtudagur	Stærðfræði - vasareiknir
11. janúar - föstudagur	<i>Auðvitað</i> - gagnvirkt
15. janúar - þriðjudagur (Prófdagur – nemendur fara heim að loknum hádegisverði)	Stafsetning - stíll kl. 8:30 Stærðfræði (án vasareiknis) kl. 9:30
16. janúar - miðvikudagur (Prófdagur – nemendur fara heim að loknum hádegisverði)	Bókmenntir og ljóð kl. 8:30 <i>Málrækt</i> kl. 9:30
18. janúar - föstudagur	<i>Róm til Þingvalla</i> - gagnvirkt

Nemendur koma með nesti til að borða á milli prófa. Þeir sem eru í mataráskrift borða áður en þeir fara heim. Matur hefst kl. 11:00.

### Stærðfræði (sjá einnig meðfylgjandi gátlista)

- Tölfræði – Geisli 3 bls. 5-12 og Geisli vinnubók 3A bls. 5-9
- Að nota tölur – Geisli 3 bls. 13-20 og Geisli vinnubók 3A bls. 1-4
- Rúmmál – Geisli 3 bls. 21-26 og Geisli vinnubók 3A bls. 10-13
- Brot – Geisli 3 bls. 31-41 og Geisli vinnubók 3A bls. 14-18



### Hlustunarskilningur

Prófað er úr ólesnum texta og því lítið hægt að æfa sig fyrir þetta próf.

### Lestur – framsögn (Prófdagur breytilegur eftir bekkjum.)

- Allir nemendur taka raddlestrar- og framsagnarpróf.
- Umsjónarkennari og sérkennari taka ákvörðun í samráði við nemendur með sértæka lesröskun hvort þeir þreyta framsagnarpróf.
- Nemendur fá prófið með sér heim daginn áður til að æfa sig. Þeir fá einnig að æfa sig í 10 mín. áður en prófið hefst.
- Í framsagnarprófi er áhersla lögð á raddstyrk, áherslutjáningu, viðeigandi þagnir og skýran framburð.
- Framsagnarpróf fer fram inni í bekk og lesa nemendur úr ræðupúlti stuttan texta úr sögu og ljóð fyrir framan bekkinn. Prófdómari og bekkjarkennari meta árangur og jafnframt fylgjast bekkjarfélagar með og taka þátt í námsmati.

### Bókmenntir

Nemendur þurfa að þekkja efni sagnanna vel, vita nafn höfundar þar sem við á og geta gert grein fyrir orðskýringum. *Sjá meðfylgjandi lista.*

### Sögur úr *Grænkápu*:

- Snjór bls. 20-35
- Fínt fólk og ófínt bls. 40-48
- Frá Marbendli bls. 55-57
- Um Nykra og Nennir bls. 63

- Uppruni sela og selshamurinn bls. 64-68
- Grímseyingurinn og bjarndýrið bls. 71-75

## Ljóð

### Nemendur þurfa að þekkja eftirfarandi:

- Ljóðstafi (stuðla og höfuðstafi)
- Rím (kvenrím, karlrím, endarím, víxlrím)
- Líkingar og persónugervingu.
- Nöfn höfunda ljóðanna. (sjá meðfylgjandi blað)

### Utanbókar (einnig lesin og skilin)

- Á íslenskum skóm
- Hvert örstutt spor (1.og 2. erindi)
- Mánaðavísan



### Málrækt og stafsetning

Skoðið efni bókanna: *Málrækt* 3 bls. 5 - 58 og *Skrudda I*.

Gott er að fara vel yfir reglur bls. 71-85 í *Mál er miðill* grunnbók og æfingar í *Mál er miðill* verkefnabók. Skoðið einnig vel aukaverkefni og stíla.

***Sjá einnig meðfylgjandi gátlista yfir kunnáttuatriði.***

### Auðvitað – gagnvirk könnun

Lesið vel bls. 9-29 í *Auðvitað 3*. Fara vel yfir glósur í vinnubók og spurningar.

## Málrækt og stafsetning - janúar 7. bekkur

### Geta beitt helstu stafsetningarreglum s.s.

- Kunna –ng og –nk regluna
- Vita hvenær skal rita einfaldan / tvöfaldan samhljóða.
- Vita hvenær á að nota stóran staf
- Kunna reglurnar um n-nn (greinir - hermíkrákur- an orð)
- Vita hvenær skal rita hv- og kv- í upphafi orða
- Vita hvenær skal rita y, ý og ey (reglur um hljóðvarp)
- Vita hvenær skal rita j í orðum og hvenær ekki.
- Geta notfært sér stofn við ritun orða (t.d. rigndi–fylgdi –kreppti - skellti)

### Málfræði - málnotkun

- Kunna að raða í stafrófsröð
- Kunna að búa til samsett orð
- Kunna að finna samheiti (móðir-mamma)
- Kunna að finna andheiti (lítill – stór)
- Kunna að búa til réttar málsgreinar

### Nýtt

- Kunna að skipta orðum milli lína og skipt orðum eftir atkvæðum
- Kannast við hugtakið samtenging og geta skeytt saman setningar með samtengingu.
- Geta greint nafnorð í hlutstæð og óhlutstæð nafnorð.
- Geti gert grein fyrir mismunandi merkingu nokkurra margræðra orða.
- Geta myndað nafnorð af sagnorði.
- Þekkja muninn á beinni og óbeinni ræðu og geta breytt beinni ræðu í óbeina og öfugt.
- Þekkja hugtökin setning, málsgrein, efnisgrein og greinarmerki.
- Fallbeyging fullra nafna - t.d. Sigurður Snær Stefánsson (erfitt fyrir marga!)

### Þekkja nafnorð

- Geta fundið nafnorð í texta
- Þekkja sérnöfn (Óli, Snati) og samnöfn (hundur, blóm)
- Geta greint nafnorð eftir kynjum (kk-kvk-hk)
- Þekkja eintölu (et.) og fleirtölu (ft.)
- Geta bætt greini við nafnorð (minn-mín reglan)
- Kunna að fallbeygja nafnorð (hér er (nf), um (þf), frá (þgf), til (ef))
- Geta greint fall, kyn og tölu nafnorða
- Geta fundið stofn nafnorða (kk. et. þf. – hjálparorð : um)

### Þekkja lýsingarorð

- Geta fundið lýsingarorð í texta
- Þekkja kyn lýsingarorða (lítill maður – lítil kona – lítið hús)
- Þekkja tölu lýsingarorða (rautt pennaveski – rauð pennaveski)
- Geta fallbeygt lýsingarorð (+ nafnorð) (blá peysa)
- Geta stigbreytt lýsingarorð (lítill (frst) – minni (mst) – minnstur (est))
- Geta fundið stofn lýsingarorða (kvk. et. – hjálparorð : hún er)

### Þekkja sagnorð

- Geta fundið sagnorð í texta
- Þekkja nútíð og þátíð (segir – sagði)
- Þekkja og geta fundið nafnhátt/stofn (hjálparorð: að)
- Geta breytt tíð texta (nútíð í þátíð eða þátíð í nútíð)

## **Þættir til upprifjunar fyrir miðsvetrarpróf í stærðfræði 7. bekkur**

**Stærðfræðiprófið** verður lagt fyrir í tveimur hlutum. Fimmtudaginn **10. janúar** verður próf án vasareiknis, en próf með vasareikni á prófadegi **þriðjudaginn 15. janúar**. Prófin gilda 50% af annareinkunn á móti könnunum sem gilda 40% og sjálfsmati sem gildir 10%.

**Munið eftir vasareikni og reglustiku**

**Námsefni :** Geisli 3 grunnbók bls. 5-41 og vinnubók 3A bls. 1-18

Einnig er gott að skoða bls.126-128 í Geisla 3 grunnbók en þar eru hugtök í stærðfræðinni rifjuð upp. Þá ættuð þið að skoða kannanir 1-3 sem þið hafið tekið ásamt aukaverkefnum.

**Þið þurfið að kunna skil á eftirfarandi þáttum í stærðfræði:**

### **Tölfræði bls. 5-12**

- Þekkja hugtökin gagnasafn, tíðni og tíðasta gildi
- Geta fundið miðgildi og meðaltal
- Geta túlkað upplýsingar sem birtar eru með myndritum og dregið af þeim ályktanir

### **Að nota tölur bls. 13-20**

- Geta lesið og skrifað jákvæðar og neikvæðar tölur
- Geta lesið úr tölulegum gögnum og dregið rökstuddar ályktanir af þeim
- Geta gert grein fyrir útreikningum bæði munnlega og skriflega
- Geta beitt stærðfræði til að leysa viðfangsefni daglegs lífs

### **Rúmmál bls. 21-26**

- Geta fundið rúmmál réttstrendinga
- Þekkja algengar mælieiningar sem notaðar eru við rúmmálmælingar svo sem rúmsentímetra, rúmmetra, l, dl og ml

### **Brot bls. 31-41**

- Hafa tilfinningu fyrir stærð brota
- Geta borið saman almenn brot og tugabrot
- Vita hvenær tvö almenn brot eru jafnstór, geta stytta og lengt almenn brot og fundið samnefnara brota
- Geta lagt saman og dregið frá ósamnefnd brot
- Geta margfaldað brot



# Bókmenntir og ljóð

## Höfundar og orðaskýringar

### Ljóð:

Á íslenskum skóm = Halldór Laxness

Vöggukvæði (Hvert örstutt spor) = Halldór Laxness

Mánaðavísa = höfundur óþekktur

### Sögur:

Snjór = Andrés Indriðason

Fínt fólk og ófínt fólk = Halldór Laxness

Frá marbendli = Úr þjóðsögum Jóns Árnasonar

Um Nykra og Nenni = Úr þjóðsögum Jóns Árnasonar

Uppruni sela og selshamurinn = Úr þjóðsögum Jóns Árnasonar

Grímseyingurinn og bjarndýrið = Úr þjóðsögum Jóns Árnasonar

### Orðskýringar sem þarf að kunna:

Hann fékk hennar = Hann giftist henni

Annálsvert = Frásagnarvert

Þefjaði = Lyktaði

Að búverka = Vinna heimilisstörf

Fláræði = Fals

Fiskifang = Fiskveiði

Granir = svæðið í kringum nasirnar á nautgripum

Tannúðug = Kjafftor

Fylgisamur = Fylginn

Ósvinna = Fásinna, heimska

Söðlasmiður = Maður sem smíðar hnakka

Dánumaður = Heiðursmaður

Fagurgali = Skjall, smjaður